

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir viðbótarvottorð fyrir lyf og plöntuvarnarefni.

#### 1. gr.

Fyrir umsókn um viðbótarvottorð fyrir einkaleyfi skv. 65. gr. a í lög-  
um um einkaleyfi greiðist..... kr. 28.700

#### 2. gr.

Fyrir viðbótarvottorð skv. 65. gr. a í einkaleyfalögum og 51. gr. reglu-  
gerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með síðari breyt-  
ingum, skal greiða eftirfarandi árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár ..... kr. 30.000  
Árgjald, sem greitt er eftir gjalddaga en innan sex mánaða frá honum, skal hækka um  
20%.

#### 3. gr.

Um önnur gjöld vegna viðbótarvottorða og meðferðar þeirra gilda ákvæði reglugerðar  
nr. 673/1996 fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. a í lögum nr. 17/1991, um  
einkaleyfi, með síðari breytingum, skal öðlast gildi 2. janúar 1998.

*Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 1997.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## REGLUR

### um gjaldeyrismarkað.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands  
með áorðnum breytingum, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

#### 1. gr.

*Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.*

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðla-  
banka, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga  
nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og  
skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskri krónu samkvæmt ákvæðum  
þessara reglna. Nefndir aðilar hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann auk  
ríkissjóðs.

Hver sá, sem æskir þess að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum,  
skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við  
fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina  
tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild  
umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka sjá 14. gr.